



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

RAFS2RA04

Kennari:	Sigurður Grímsson-Borgþór Helgason	Sk.st.	SG-BH
-----------------	---	---------------	--------------

Áfangalýsing:

Nemendur kunni skil á helstu suðuaðferðum, efni og suðuvírum. Þeir geti metið aðstæður til rafsuðu og þekki öryggismál varðandi rafsuðu. Nemendur eru færir um að sjóða plötur í öllum suðustöðum með pinnasuðu, samkvæmt staðlinum ÍST EN 287-1. Færni miðast við kverksuðu og grunnatriði suðuferils. Nemendur geti skráð grunnatriði suðuferilslýsingar. Þeir skulu ná suðugæðum í flokki C samkvæmt ÍST EN 25 817.

Undanfari: HGSU1HS03-LOSU1LS03.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Helstu suðuaðferðum, afköstum þeirra, hagkvæmni og takmörkunum við mismunandi efnisþykkt.

Hvaða suðuaðferðir henta við mismunandi verk.

Mun á suðu með rið- og jafnstraum.

Mun á suðu með plús- og mínuspól.

Stöðlum er varða mat á suðum og suðugalla, suðustöður, hæfnisvottun, um merkingu rafsuðuvíra.

Öryggismál varðandi rafsuðu.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að velja hagkvæmar og öruggar suðuaðferðir við mismunandi verk.

Að útskýra staðlaðar merkingar rafsuðuvíra.

Að rafsjóða lárétt á plötu beina strengi og með hliðarhreyfingum.

Að rafsjóða kverksuður í PB- og PF- suðustöðum.

Að stilla suðuvél, velja rafsuðuvíra og sjóða samkvæmt suðuferli.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Meta suðugæði samkvæmt stöðluðum kröfum um útlit og flokkað suðu í gæðaflokka.

Sjóða kverksuður í PB- og PF- suðustöðum með fullnægjandi hætti.

Ennfremur strengi lárétt á plötu, bæði beina og með hliðarhreyfingum.

Meta algengustu suðugalla og ástæður þess að þeir myndast.

Sjóða mismunandi legglengd og a-mál með einum eða fleiri strengjum.

Námsefni: Kennslubókin Málsmíði. Efni hjá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni

Sérreglur áfangans: Nemendur skulu ljúka þeim verkefnum sem fyrir eru lögð, til þess að áfanga sé lokið.

Fyrirkomulag námsmats: Mat á verkefnum annar.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.